



HUGARAFL

VALDEFLING

Reykjavík 4.október 2023

Beiðni til fjárlaganefndar.

Hugarafli sendir hér með hjálparbeiðni til fjárlaganefndar, þ.e fyrir árið 2024. Samtökin eru enn uggandi um framtíðina og þá starfsemi sem innt er af hendi hjá Hugarafli. Þannig er að samningar við Vinnumarkaðs- og félagsmálaráðuneyti áttu að vera endurnýjaðir síðustu áramót en af því hefur ekki orðið og bráðabirgðasamningur hefur verið gerður út þetta ár. Við gerum ráð fyrir að ný samningur verði gerður í upphafi árs 2024.

Samskipti við ráðuneytið eru mjög takmörkuð og óvissan sem þessu fylgir er okkur mjög erfið og hefur áhrif á daglegt líf hjá samtökunum.

Samningurinn sem gerður var árið 2017 þ.e. 47 milljónir og hefur haldist óbreyttur þrátt fyrir endurnýjun á tveggja ára fresti. Ekkert tillit hefur verið tekið til verðlagsbreytinga sem nema um 33,8%. Ef samningurinn hefði fylgt verðlagsbreytingum stæði hann í 62.877.230 sem þýðir að það vantar um 16 milljónir uppá til að ná jafnvægi. Því er sótt um 16 milljónir til fjárlaganefndar.

Hugarafli er því að veita þjónustuna með sífellt minna fjármagn milli handanna en 184 einstaklingar stunda virka þjónustu í Hugarafli mánaðarlega. Til samanburðar má nefna að eitt geðteymi innan Heilsugæslunnar sinnir aðeins hundrað manns. Samtökin reyna eftir fremsta megni að draga ekki úr þjónustu en nú vantar sárlega fleiri stöðugildi til að veita þjónustuna og eftirspurn.

Hugarafli vill þakka fyrir skilninginn og fjárveitinguna á síðasta ári en vert er að taka það fram að erfiðlega gekk að fá hana í gegnum ráðuneytið. Við fengum fjárveitinguna ekki fyrir en í maí 2023 og þá höfðum við þurft að taka yfirdrátt, borga af honum vexti og borga löfþæðingi fyrir að sækja peningana fyrir okkur. Því fóru dýrmætar krónur í súginn.

Staðan nú er óviðunandi og ljóst er að ef ekkert breytist þá munu samtökin fljótlega ná að þolmörkum. Þegar við gerðum samning árið 2017 við þáverandi félagsmálaráðherra Ásmund Einar Daðason sem síðan var endurnýjaður fyrir tveimur árum var lögð áhersla á að Hugarafli myndi grípa þann hóp sem fellur milli stafs og bryggju í endurhæfingarferli sínu. Nú í ár var endurhæfingartímabilið lengt í 5 ár. Það er því ljóst að það fjölgar í þeim hópi sem stundar endurhæfingu hverju sinni og treysta á að fá lífeyri frá Tryggingarstofnun. Því miður er það svo að tilfinning samtakanna er að kerfið sé ekki tilbúið til þess að þjónusta þennan sístækkandi hóp. Við fáum til okkar í hverri viku einstaklinga sem hefur verið vísað úr endurhæfingu, sitja fast á biðlistum eða uppfylla ekki ströng skilyrði til að fá inngöngu í úrræði sem mörg hver eru með of marga flöskuhálsa.

Við tökum hlutverk okkar alvarlega og vísum engum frá nema að hafa aðstoðað viðkomandi eins og við getum. Flestir komast að hjá Hugarafli en hjá mörgum eru málin komin í mikla

flækju og pappírsvinnan flókin. Eins og staðan er í dag með það takmarkaða fjármagn sem við höfum, gæti svo farið að viðkvæmur hópur missi bjargir sem hann á erfitt með að verða sér út um annarstaðar.

Eftirspurn eftir þjónustu er mikil og haustið er annasamur tími hjá Hugarafli. Margir eru í þörf fyrir að komast í endurhæfingu og samtökin búast við því að að fjölmargir nýjir einstaklingar muni leita til samtakanna á komandi misserum. Eftirspurnin er mikil og víða er einstaklingum vísað til Hugarafls úr kerfinu. Dagskrá Hugarafls er metnaðarfull, fjölbreytt og krefjandi og opin öllum landsmönnum. Við óttumst að við getum ekki sinnt því fólki sem leitar til okkar á komandi mánuðum og væri sú staða algjörlega óviðunandi. Hugarafli er mikilvægur valmöguleiki í batavinnu/endurhæfingu einstaklinga sem ganga í gegnum geðrænar áskoranir og fjölskyldna þeirra.

Hugarafli minnir á þjónustukönnun á starfsemi samtakanna sem framkvæmd var að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í september 2022 (Sjá meðfylgjandi)

Í niðurstöðum kemur fram 83% þeirra sem leita til Hugarafls segja að líðan þeirra hafi verið slæm eða mjög slæm þegar fyrst var leitað til Hugarafls. Þar af voru 42% sem glímdu við mjög alvarlega vanlíðan, sjálfskaða og sjálfsvígshugsanir. Eftir veruna í Hugarafli lækkar sú tala niður í 4% og einungis 15% af 83% segja líðan sína slæma í dag. 61% þátttakenda lýsti því að þjónustan hefði farið fram út væntingum (sem er ekki algengt í Íslensku geðheilbrigðiskerfi). 40% greindu frá því að starfsgeta þeirra jókst á tímabilinu. 90% notenda voru ánægð með þjónustuna og 3% óánægð. Hér er aðeins stiklað á stóru en það verður að segjast að hér er vísbending um að Hugarafli sé að ná mjög eftirtektarverðum árangri sem verður að taka tillit til og ljóst að hjá Hugarafli er rekin þjónusta sem skilar árangri og notendum líkar við.

Við biðlum því til nefndarinnar að styðja við samtökin á meðan þau eru enn í óvissu með samninga og rekstrar fé.

Sótt er um 16 milljónir til fjárlaganefndar vegna aukins rekstrarkostnaðar.

Fyrir hönd Hugarafls:



Auður Aelsdóttir framkvæmdarstjóri Hugarafls